

## 63. fundur

Fundur var haldinn hjá safna- og menningarmálanefnd þriðjudaginn 12. júní 2007 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Eyþór Benediktsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnheiður Óladóttir, Dagbjört Höskuldsdóttir, Kristín Víðisdóttir og Erna Guðmundsdóttir.

Formaður setti fund.

1. Ljósmyndasafn.  
Framkvæmdanefnd ljósmyndasafns fundaði með formanni 21. maí sl. Sigurlína hefur lokið skráningu myndasafns Jóhanns Rafnssonar. Eftir er að klára filmufrágang og frágang slidesmynda. Jóhann Ísberg undirbýr nýja uppsetningu ljósmyndavefs. Sigurlína er tilbúin að fara yfir vinnuna með þeim sem taka við.
2. Bókasafn.  
Sumaropnum hefur verið auglýst fjóra daga í viku. Þrátt fyrir erfitt aðgengi vegna yfirstandandi framkvæmda hefur aðsókn verið nokkuð góð.
3. Vatnasafn.  
Því miður hefur ekki alltaf verið starfsmaður á opnunartíma safnsins. Nefndarmenn sammála um nauðsyn þess að alltaf sé starfsmaður á opnunartíma bæði vegna upplýsinga til gesta og varðandi umgengni. Dagbjört bendir á nauðsyn upplýsingaskilti sem skýrir eðli listaverksins og kynnir listamanninn. Nefndin leggur áherslu á að ábyrgð og umsjón safnsins sé á einni hendi og eðlilegt sé að það heyri undir safna- og menningarmálanefnd.
4. Önnur mál.  
Tímaritið Sagan hefur haft samband við Ragnheiði og boðið auglýsingu á Vatnasafni. Það mun rætt nánar við bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:30.

Eyþór Benediktsson (sign.),  
Magnús A. Sigurðsson (sign.),  
Ragnheiður Óladóttir (sign.),  
Dagbjört Höskuldsdóttir (sign.),  
Kristín H. Víðisdóttir (sign.),  
Erna Guðmundsdóttir (sign.).